

Ár 2021, fimmtudaginn 5. ágúst, kl. 15:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands(KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni(dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Halldóri Brynjari Halldórssyni.

**Fyrir er tekið  
mál nr. 2/2021  
Knattspyrnudeild FH gegn Knattspyrnudeild UMFS**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

**dómur.**

**I**

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Halldór Brynjar Halldórsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 22. júlí 2021, þar sem úrslit í kærðum leik Selfoss/Hamars/Ægis og FH í Íslandsmóti 3. flokks karla A liða, sem fram fór þann 2. júlí sl., voru látin standa óhöggð.

Áfrýjun á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 26. júlí 2021 þar sem knattspyrnudeild FH gerir eftirfarandi kröfur:

*Aðallega* að völlum sá sem leikur Selfoss/Hamars/Ægis og FH í Íslandsmóti 3. flokks karla fór fram á verði talinn ólöglegur fyrir leiki í flokki D og að FH verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

*Til vara* krefst FH þess að völlum verði talinn ólöglegur fyrir leiki í flokki D og umræddur leikur verði endurtekinn og það á Selfoss-velli eða öðrum löglegum velli.

Varnaraðili knattspyrnudeild UMFS gerir þá kröfu að úrslit leiks Selfoss/Hamars/Ægis og FH í Íslandsmóti 3. flokks karla skuli standa óbreytt.

**II**

Málavextir eru þeir að þann 2. júlí sl. fóru fram leikir Selfoss/Hamars/Ægis og FH í Íslandsmóti 3. flokks karla A og B liða á Hamarsvelli í Hveragerði. Leikur A liða endaði með 1-0 sigri Selfoss/Hamars/Ægis og leikur B liða endaði með 2-3 sigri FH.

Samkvæmt lýsingu kæranda á málavöxtum þá hafi framangreindir leikir upphaflega átt að fara fram á Selfossi en leikstað hafi verið breytt yfir á Grýluvöll í Hveragerði. Þann 2. júlí, sama dag og leikirnir á milli Selfoss/Hamars/Ægis og FH fóru fram, var leikstað breytt öðru sinni en þá yfir á Hamarsvöll í Hveragerði. Sá völlum hafi hins vegar ekki getað talist löglegur fyrir þá leiki sem þarna áttu að fara fram þar sem völlum er einungis 54,30 metrar á breidd en lágmarksbreidd sé 60 metrar. Vísar kærandi í 7. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnuleikvanga þar sem fjallað er um stærð knattspyrnuvalla.

Samkvæmt lýsingu kærða á málavöxtum hafi ekki verið hægt að leika á Grýluvelli vegna vinnu við völinn. Selfoss hafi þá boðist til að athuga hvort hægt væri að færa leikinn á Selfoss, en þjálfarar FH hafi afþakkað það boð og því hafi verið ákveðið af þjálfurum beggja liða að gera gott úr máluðum og leika leikina á umræddum velli en aðstæður þær sömu fyrir bæði lið og henti báðum liðum jafn illa. Máli sínu til stuðnings vísar kærði til 1. mgr. 34. gr. reglugerðar um knattspyrnumót.

Í niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar frá 22. júlí segir m.a.:

*„Í máli þessu er óumdeilt að umræddir leikir milli Selfoss og FH fóru fram á velli sem ekki uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga, en hann hefði þurft að fara fram á velli í flokki D skv. 7. gr. reglugerðarinnar. Verður það að teljast afar óheppilegt og slæmt fordæmi. Hins vegar segir í 34. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót að öll mótmæli varðandi undirbúnings kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar og annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skuli borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrott. Í yfirlýsingu frá dómara leiksins kemur fram að engar athugasemdir hafi komið frá forsvarsmönnum kæranda um stærð vallarins hvorki fyrir né eftir leik.“*

Komst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ því að þeirri niðurstöðu að úrslit leiks Selfoss/Hamars/Ægis og FH í 3. flokki karla A liða skyldu standa óhöggð

Mánudaginn 29. júlí barst skrifstofu KSÍ tilkynning um áfrýjun frá knattspyrnudeild FH á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar sem kveðinn var upp þann 22. júlí.

### III

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 22. júlí 2021. Með honum voru úrslit í leik Selfoss/Hamars/Ægis og FH í 3. flokki karla A liða, sem fram fór á Hamarsvelli í Hveragerði þann 2. júlí 2021, látin standa óhöggð. Byggir niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar á grein 34.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót en þar segir á að öll mótmæli varðandi undirbúnings kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar og annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skuli borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrott. Með vísan til framburðar dómara leiksins, sem fylgdi málalátunnaði varnaraðila í málinu, hafi verið ljóst að engar slíkar athugasemdir hafi verið gerðar.

Ljóst liggur fyrir í gögnum málsins að kærður leikur á milli Selfoss/Hamars/Ægis og FH í 3. flokki karla A liða, þann 2. júlí sl., fór fram á velli sem ekki uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Í málinu er óumdeilt á milli aðila að sá völlum sem leikið var á hafi verið of lítill eða u.þ.b. 54,30 metrar á breidd. Í samræmi við grein 18.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skulu leikir í 3. aldursflokkum fara fram á völlum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga fyrir vallarflokk D. Samkvæmt því skuli vellir í vallarflokki D a.m.k. vera 64 metrar á breidd en eldri vellir sem að lágmarki séu 60 metrar á breidd geti sömuleiðis fengið samþykki í flokki D. Með vísan til þessa uppfyllir umræddur leikvöllur ekki ófrávíkjanleg lágmarksskilyrði reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og reglugerðar KSÍ um

knattspyrnuleikvanga fyrir vallarflokk D og völlum því ólöglegur í keppni 3. aldursflokks í Íslandsmóti. Skiptir þar engu máli hvort samið hafi verið um það á milli aðila að leika skyldi á vellinum þrátt fyrir smæð hans eða hvort mótmæli hafi verið borin fram við dómara fyrir leikinn um keppnisvöll eður ei í samræmi við grein 34.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Með vísan til framangreinds verður leikur Selfoss/Hamars/Ægis og FH 3. flokki karla A liða á Hamarsvelli í Hveragerði 2. júlí 2021 dæmdur ógildur og tekin til greina varakrafa knattspyrnudeildar FH um að leikur félagsins við Selfoss/Hamar/Ægi í 3. flokki karla A liða verði endurtekin og fari fram á heimavelli Selfoss sem uppfylli a.m.k. kröfur í vallarflokki D í samræmi við reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga.

### **Dómsorð:**

Leikur Selfoss/Hamars/Ægis og FH í 3. flokki karla A liða sem leikin var 2. júlí 2021 á Hamarsvelli í Hveragerði er ógildur og skal endurtaka hann á heimavelli Selfoss/Hamars/Ægis.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Halldór Brynjar Halldórsson [sign]